

Þorrapýtur

Fréttabréf Þelamerkurskóla

Janúar

Janúar mánuður er liðinn og gekk hann vel fyrir sig. Nemendur og starfsfólk hafa haft í nógu að snúast og má þar helst nefna þorrablót 1.-6. bekkjar sem er ávallt haldið á bóndadegi. Hefð er fyrir því að 6. bekkur haldi blótið og gerðu þau það með myndarbrag. Gleðin skein úr andliti barnanna og mikil hlátrasköll þegar hinn klassíski skyrleikur fór fram. Hérna má sjá myndir frá þorrablótinu. Allir nemendur skólans fengu svo þorramat sem rann misjafnlega ljúflega niður.

Nýr starfsmaður hóf störf hjá okkur við skólann sem stuðningsfulltrúi. Hann heitir Alexander Örn Pétursson og bjóðum við hann hjartanlega velkominn til starfa í frábæra skólann okkar.

Jóladagarnir okkar

Jóladagarnir okkar skipa stóran sess í skólastarfinu. Nemendur og starfsfólk fá að njóta sín í ólíkum aðstæðum og gera fjölbreytt verkefni. Má þar meðal annars nefna skautiferð, bíóferð, laufabrauðsgerð, jólaskreytingar, litlu jólin og almenna jólagleði. Hérna er frétt af heimasíðunni okkar frá þessum dögum og hlekkir á myndaalbúm.



Baldur Snær og Indiana Nótt í 1. bekk áttu stórleik í skyrleikum

Verkefni framundan

Unglingarnir okkar ætla að taka þátt í ýmsum verkefnum á næstunni enda gríðarlega hæfileikaríkir nemendur í skólanum okkar:

- Kaja og Efemía ætla að taka þátt í Stíl hönnunarkeppni og eru búnar að vinna að hönnunarvinnu í vetur í tímum hjá Jónínu.
- Tinna, Addi, Ylva og Efemía ætla að standa á sviðinu í Hofi í vor fyrir hönd skólans í Fiðringi hæfileikakeppni. Margrét Sverris er leiðbeinandinn þeirra.
- Lára, Rafael, Siggí, Addi og Tinna munu taka þátt í söngkeppni félagsmiðstöðvanna á Norðurlandi núna í mars.

Við óskum þeim öllum góðs gengis og erum stolt af hugrekki ykkar og dugnaði.

Námsvitund í febrúar og fyrirmyndarverkefni

Febrúar mánuður er tileinkaður námsvitund en sú vinna er hluti af leiðsagnarnáms vinnunni sem við höfum unnið með í vetur. Þegar fjallað er um námsvitund er átt við að nemendur læri að gera sér grein fyrir eigin hugsunar- og námsferli og þeim námsaðferðum sem henta þeim best hverju sinni og hvers vegna. Mikilvægt er að horfa til námsvitundar og námshæfni sem vöðva sem hægt er að þjálfra, byggja upp og styrkja. Við erum að vinna með átta lykilorð tengd námsvitundinni en þau eru: *Forvitni, seigla, einbeiting, samvinna, prófaðu, ímyndunaraflíð, framfarir og ánægja*. Vinnan felur í sér að fjalla um orðin, skilja, setja í samhengi og tileinka sér þau.

Í seinni hluta febrúar ætla nemendur og starfsfólk að vinna fyrirmyndarverkefni þar sem þau velta fyrir sér hver fyrirmynd þeirra er, af hverju og hvað gerir einstakling að góðri fyrirmynd. Út frá fyrirmyndarverkefninu skoða nemendur námsvitundarorðin og velta fyrir sér styrkleikum fyrirmynnda sinna og koma þeim í orð.

Hvetjandi veggspjöld sem nemendur í 7.-10. bekk bjuggu til



Valdemar 10. bekk



Kaja Líf 10. bekk



Hrafney Krista 7. bekk



Hector Leví 7. bekk

Góð þátttaka í Skólapúlsi

Við þökkum þeim sem lentu í úrtaki foreldrakönnunar Skólapúls kærlega fyrir góða svörun. Niðurstöðurnar notum við svo til að gera gott skólastarf enn betra. Þátttaka foreldra í könnunum sem þessum skiptir miklu máli. Takk fyrir.

Nemendastýrð viðtöl

Nemendur hafa undirbúið sig vel fyrir nemendastýrð viðtöl sem fara fram í vikunni.

Í viðtölunum fá nemendur tækifæri til að segja sjálf frá hvernig þeim gengur í skólanum, hvaða verkefni þau eru stolt af, hvernig þeim líður og hvað þau hafa tileinkað sér. Slík viðtöl eru mikilvægur vettvangur barna að koma sínu á framfæri og á sama tíma að fá hvatningu og stuðning frá fullorðna fólkinu.

Frá foreldrafélagi Delamerkurskóla

Foreldrafélagið býður nemendum Delamerkurskóla í fimleikasalinn við Giljaskóla og pizzu á eftir. Frekari upplýsingar koma frá félaginu en hérna eru dags- og tímasetningar:

- 1.-3. bekkur: Sunnudagurinn 16. febrúar kl. 13
- 4.-6. bekkur: Sunnudagurinn 23. febrúar kl. 14
- 7.-10. bekkur: Sunnudaginn 2. mars kl. 13



Jákvæður agi

Starfsfólk skólans sótti stutt námskeið um jákvæðan aga og verkfæri þess til upprifjunar. Jákvæður agi byggir á gagnkvæmri virðingu og samstarfi þar sem góðvild en festa skiptir miklu máli. Í vetur höfum við einna helst unnið með bekkjarfundi, bekkjarsáttmálann, störf in í bekknum, gridastaðinn og sjálfstjórn. Við ætlum núna að fara af stað með vinnu á lausnastaðnum og lausnahjólinu en það er ákveðið verkfæri sem þjálfar nemendur að leysa ágreining sem upp koma.



Hvað er framundan í skólstarfinu?

- 18. febrúar: Þorgrímur Þráinsson kemur í heimsókn til nemenda í 5.-10. bekk
- 5.-7. mars: Vetrarfrí, skólinn lokaður.
- 11., 12. og 13. mars: Skíðaskólinn hjá 1.-4. bekk í Hlíðarfjalli
- 19. mars: Útivistardagur í Hlíðarfjalli
- 10. apríl: Árshátíð Delamerkurskóla
- 14.-21. apríl: Páskafrí



Kaja slóg í gegn sem mamma Axels í Sódóma Reykjavík á árshátíðinni í fyrra

Frá útiskólanum 29. janúar 2025

Það hljóp aldeilis á snærið hjá Hörgdælskum fuglum í dag þegar yngsta stig skólans sameinaði krafta sína í útiskólanum. Við byrjuðum inni í bekk og fórum aðeins yfir það að það eru ekki allir fuglar sem fljúga til heitari landa eins og heldri borgarar í janúar. Eftir eru litlu greyin eins og blessaður snjótittlingurinn sem reynir að ná sér í eitthvað hér úti í frosthörkunni og hvað þá mýsnar út í Mörk. En við erum miklir dýravinir og erum nú ekki að gera upp á milli þessara krúttlegu dýra og viljum hjálpa þeim öllum. Við áttum feiti frá því í laufabrauðsgerðinni, við þurrkuðum reyniber í haust til að eiga fyrir veturinn og svo fuglafóður. Þessu blönduðum við öllu saman og dreifðum um allan skóg, inn í Kotru og í öll litlu fallegu fuglahúsin sem leynast um skóginn. Við stoppuðum stutt í Mörkinni þar sem það var ansi kalt. Þegar við fórum af stað heim að skóla sáum við hvar litlu fuglarnir biðu átekta eftir því að gæða sér á þessum lystisemdum.

Hérna eru myndir frá þessu frábæra verkefni.



Frost er úti fuglinn minn

Frost er úti fuglinn minn
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt
því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér
og biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér

Við færum ykkur bestu þakkir fyrir gott samstarf en traust og skilningur milli heimila og skóla skiptir okkur miklu máli þar sem farsæld hvers barns er höfð að leiðarljósi. Með góðri samvinnu milli heimila og skóla næst mestur árangur. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs og bíðum spennt eftir árs hátíðinni okkar en fyrir hana fáid þið Páskabýtt og allar helstu upplýsingar um starfið framundan.

Kærar febrúarkveðjur frá starfsfólki Delamerkurskóla.